Sþ. **84. Tillaga til þingsályktunar** [65. mál]

um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nákvæma athugun á aðstöðu til þess að gera nothæfa lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar svo víða, að öll byggðarlög í landinu geti notið þeirra á auðveldan hátt.

Þegar þessi athugun hefur farið fram, skal ákveðið af stjórn flugmála í samráði við sveitarstjórnir, hvar slíkir lendingarstaðir skulu gerðir.

Greinargerð.

Þróun flugmála hefur orðið mjög ör hin síðustu ár. Samkvæmt lögum nr. 24 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, er stefnt að því, að gerðir verði í öllum sýslum landsins flugvellir fyrir farþegaflugvélar.

En einn þáttur flugmála er flutningur sjúkra manna í flugvélum. Reynslan hefur þegar sýnt, að oft hefur tekizt vegna ötullar forgöngu íslenzkra flugmanna að ráða bót á hættulegum sjúkdómum með því að flytja sjúklinga í litlum flugvélum utan af landsbyggðinni, þar sem skilyrði eru ekki góð til læknisaðgerða og hjúkrunar, koma þeim í sjúkrahús og í hendur hinna færustu lækna. Þó að flugvellir fyrir farþegaflugvélar séu til staðar í mörgum héruðum, leysir það ekki allan vanda í þessum efnum. Líðan sjúklings er oft þannig háttað, að ekki er kleift að flytja hann um langa vegu að flugvél, þótt flugvöllur sé í héraði. Og að vetrarlagi lokast oft vegarsamband milli sveita.

Vinda þarf bráðan bug að því, að komið verði upp víðs vegar um land nothæfum lendingarstöðum fyrir hinar litlu sjúkraflugvélar. Slíka lendingarstaði mun víða hægt að gera án mikils kostnaðar. En fyrsta sporið í þá átt er það, að athugað sé af mönnum, sem þekkingu hafa á flugmálum, með aðstoð heimamanna á hverjum stað, er þekkja þar veðurfar og snjóalög, hvar aðstaða er bezt til þess í byggðum landsins. Þegar það hefur verið gert, þarf stjórn flugmála í samráði við sveitarstjórnir að ákveða staðaval.